

# Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

Samandreginn

Samstæðuárshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2022

# Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

Samandreginn

Samstæðuárshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2022

## Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Yfirlit um aðra heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Yfirlit um eigið fé	8
Skýringar	9-10

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um aðra heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársrlutaeikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 30. ágúst 2022

**Deloitte ehf.**

Ingvi Björn Bergmann

endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi þess vinnsla og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun. Félagið vinnur fiskafurðir á sjó og rak á tímabilinu tvo frystitogara, Guðmund í Nesi RE-13 og Sólborgu RE-27. Félagið framleiðir frýstar fiskafurðir til útflutnings með áreiðanleika, virðingu, gæði og ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar að leiðarljósi.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur hefur að geyma árshlutareikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. og fjögurra dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Dótturfélög eru Sirion Seafood ApS, Arctic Prime Production A/S, ÚR Innovation ehf. og RE-13 ehf.

## Rekstur, fjárhagsleg staða og horfur

### Rekstrarreikningur

Tekjur samstæðunnar af sölu afurða til útflutnings á tímabilinu 1. janúar til 30.júní 2022 námu 50,4 milljónum evra (2021: 40,2 milljón evra). Aukningu tekna félagsins frá samanburðartímabili skýrist af meira lönduðu magni og hærra afurðaverði. Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar nam 21,5 milljónum evra á tímabilinu 1.janúar til 30.júní 2022 (2021: 11,5 milljón evra) og auk ofangreinds þá skýrist aukning fyrst og fremst af hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagsins Brim hf. sem nam um 21,4 milljónum evra á tímabilinu 1.janúar til 30.júní 2022.

### Efnahagsreikningur

Eignir samstæðunnar í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi námu 517,8 milljónum evra (31.12.2021 : 499,9 milljónum evra) og skuldir námu 261,2 milljónum evra (31.12.2021: 250,9 milljónir evra). Bókfært eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins nam 256,5 milljónum evra (31.12.2021: 249 milljónir evra). Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam 49,6% í lok tímabilsins samanborið við 49,8% í árslok 2021. Breytingar á efnahagsreikningi má einna helst rekja til jákvæðrar hlutdeildarafkomu sem hafði áhrif til hækkunar á fjárfestingarreikningi samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Á tímabilinu seldi félagið aflahlutdeild í karfa (1,4793%) og er söluhagnaður, um 3,3 milljónir evra, færður meðal annarra tekna. Á hluthafafundi þann 29. mars 2022 var tekin ákvörðun um greiðslu 13 milljón evra arðs til hluthafa félagsins. Á árinu 2021 gaf Útgerðarfélag Reykjavíkur hf út skuldabréf, sem skráð voru til viðskipta í maí síðastliðnum á aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Stjórnendur hafa tekið tillit til áhrifa COVID-19 og átaka í Austur-Evrópu á matskennda liði reikningsskilanna, m.a. við mat á virðisrýrnun aflaheimilda, rekstrarfjármuna og fjárfækna. Félagið er ekki að selja til viðskiptavina á átakasvæðum í Austur-Evrópu og á félagið engar útistandandi kröfur á viðskiptavini á því svæði. Þá hefur COVID-19 ekki haft veruleg áhrif á samstæðuna til þessa.

Áhrif COVID-19 og átaka í Austur-Evrópu á rekstur Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. á næstunni mun ráðast af þróun heimsfaraldursins og átakanna en stjórnendur félagsins eru vakandi fyrir áhrifum beggja þátta á helstu viðskiptamarkaði sína, afurðaverð og olíuverð og fylgjast náið með þróun mála. Ekki er hægt að meta hversu mikil áhrif faraldurinn eða átökin í Austur- Evrópu kunnu að hafa á rekstur og efnahag félagsins til framtíðar en stjórnendur telja félagið vel í stakk búið til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Félagið er bæði fjárhagslega sterkt og hefur gott aðgengi að lánsfjármagni.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuárshlutareikningurinn sé í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30.júní 2022. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að skýrsla stjórnar gefi glögg yfirlit yfir árangur í rekstri samstæðunnar, þróun og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. staðfestir hér með samstæðuárshlutareikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2022

### Í stjórn

Magnús Helgi Árnason  
Stjórnarformaður

Agnes Guðmundsdóttir  
stjórnarmaður

Rebekka Guðmundsdóttir  
stjórnarmaður

Runólfur Viðar Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri

## Rekstrarreikningur 1.janúar til 30.júní 2022

	Skýr.	1.1.-30.6.2022	1.1.-30.6.2021*
Rekstrartekjur .....	5	50.415.223	40.195.167
Kostnaðarverð seldra vara .....	5	<u>(45.039.126)</u>	<u>(35.362.594)</u>
<b>Framlegð</b>		5.376.097	4.832.573
Aðrar tekjur og söluhagnaður .....	5	3.959.514	1.165.957
Annar rekstrarkostnaður .....	5	<u>(777.588)</u>	<u>(664.934)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		8.558.024	5.333.596
Áhrif hlutdeildarféлага .....	6	21.297.468	10.212.912
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		<u>(8.523.518)</u>	<u>(3.544.231)</u>
		12.773.951	6.668.681
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		21.331.974	12.002.277
Tekjuskattur .....		<u>209.833</u>	<u>(506.619)</u>
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		<u><u>21.541.807</u></u>	<u><u>11.495.658</u></u>

\* Samanburðarfjárhæðir hafa hvorki verið kannaðar né endurskoðaðar

## Yfirlit um aðra heildarafkomu 1.janúar til 30. júní 2022

<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<u>21.541.807</u>	<u>11.495.658</u>
<b>Liðir sem síðar kunna að verða færðir í rekstrarreikning</b> Þýðingarmunur vegna dóttur-og hlutdeildarféлага .....	<u>(1.031.362)</u>	<u>(987.870)</u>
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<u><u>20.510.446</u></u>	<u><u>10.507.788</u></u>

\* Samanburðarfjárhæðir hafa hvorki verið kannaðar né endurskoðaðar

## Efnahagsreikningur 30. júní 2022

Eignir	Skýr.	30.06.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Fiskveiðiheimildir .....		101.444.552	103.838.198
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		57.114.885	58.515.848
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	6	290.053.304	279.207.326
Eignarhlutar í öðrum félögum .....		1.682.505	1.248.789
Kröfur á tengd félög .....		9.884.079	6.040.134
		<u>460.179.326</u>	<u>448.850.295</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		6.618.214	3.173.491
Viðskiptakröfur .....		3.810.988	647.395
Kröfur á tengd félög .....		2.531.611	4.567.686
Aðrar skammtímakröfur .....		2.559.438	2.161.156
Handbært fé .....		42.091.756	40.532.003
		<u>57.612.006</u>	<u>51.081.731</u>
<b>Eignir</b>		<u>517.791.332</u>	<u>499.932.027</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		4.973.522	4.973.522
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		89.896.750	89.896.750
Lögbundinn varasjóður .....		1.282.083	1.282.083
Þýðingarmunur .....		152.487	1.183.848
Bundinn eiginfjárreikningur .....		53.613.716	42.506.087
Óráðstafað eigið fé .....		106.629.109	109.194.927
<b>Eigið fé</b>		<u>256.547.667</u>	<u>249.037.218</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....		169.291.870	170.229.311
Tekjuskattskuldbinding .....		25.811.515	26.190.706
		<u>195.103.385</u>	<u>196.420.017</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....		55.071.600	50.244.798
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		6.148.967	4.128.103
Ógreiddir reiknaðir skattar .....		0	94.805
Skuldir við tengd félög .....		4.919.712	7.086
		<u>66.140.279</u>	<u>54.474.791</u>
<b>Skuldir</b>		<u>261.243.664</u>	<u>250.894.808</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>517.791.332</u>	<u>499.932.027</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi 1.janúar til 30.júní 2022

	Skýr. 1.1.-30.6.2022	1.1.-30.6.2021*
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður .....	8.558.024	5.333.596
Afskriftir .....	1.459.206	1.025.699
(Söluhagnaður), aflahlutdeildar .....	(3.382.527)	
(Söluhagnaður), sölutap fastafjármuna .....	(10.020)	156.375
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	6.624.682	6.515.670
Vörubirgðir, (hækkun) .....	(3.444.675)	(2.127.770)
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) .....	(2.443.704)	(4.196.226)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun .....	6.954.019	808.932
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	7.690.322	1.000.606
Innborgaðir vextir og arður .....	59.393	1.519
Greiddir vextir .....	(3.978.692)	(2.918.614)
Innborgaður gengismunur .....	947.160	605.604
Greiddur tekjuskattur .....	(1.841)	(146.604)
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>	<b>4.716.341</b>	<b>(1.457.485)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Seld aflahlutdeild .....	5.776.173	
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	(51.019)	261.200
Seld skuldabréf til tengdra aðila .....	(2.910.158)	(1.479.290)
Innborganir skuldabréfa frá tengdum aðilum .....		2.004.616
Arður frá hlutdeildarfélögum .....	13.024.799	6.934.142
Keyptur eignarhlutur í öðrum félögum .....	(18.025)	
Keyptur eignarhlutur í hlutdeildarfélagi .....	(2.516.500)	
Lækkun á kröfum á tengd félög .....	256.178	1.328.757
	<b>13.561.448</b>	<b>9.049.425</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Greiddur arður .....	(13.000.000)	(3.200.000)
Afborganir leiguskuldar .....		(90.640)
Afborganir langtímaskulda .....	(5.821.643)	(4.750.000)
Ný víxilskuld .....	1.921.718	4.432.942
Hækkun á skuldum við tengd félög .....		5.400.244
	<b>(16.899.925)</b>	<b>1.792.546</b>
Hækkun handbærs fjár .....	1.377.864	9.384.486
Handbært fé í upphafi árs .....	40.532.003	11.260.541
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé .....	181.890	132.285
Handbært fé í lok tímabils .....	<b>42.091.756</b>	<b>20.777.311</b>

\* Samanburðarfjárhæðir hafa hvorki verið kannaðar né endurskoðaðar



## Yfirlit um eigið fé 30. júní 2022

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Bundinn eiginfjár- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>1. janúar til 30. júní 2021</b>							
Eigið fé 1. janúar 2021	5.128.332	107.235.415	1.282.083	22.422.951	2.162.203	106.169.766	244.400.750
Hagnaður tímabilsins.....						11.495.658	11.495.658
Þýðingarmunur.....					(987.870)		(987.870)
Heildarafkoma tímabilsins.....					(987.870)	11.495.658	10.507.788
Óinnleystar hlutdeildartekjur.....				5.258.595		(5.258.595)	0
Greiddur arður.....						(3.200.000)	(3.200.000)
Eigið fé 30. júní 2021	5.128.332	107.235.415	1.282.083	27.681.546	1.174.333	109.206.829	251.708.539
<b>1. janúar til 30. júní 2022</b>							
Eigið fé 1. janúar 2022.....	4.973.522	89.896.750	1.282.083	42.506.087	1.183.848	109.194.929	249.037.220
Hagnaður tímabilsins.....						21.541.807	21.541.807
Þýðingarmunur.....					(1.031.362)		(1.031.362)
Heildarafkoma tímabilsins.....					(1.031.362)	21.541.807	20.510.446
Óinnleystar hlutdeildartekjur.....				11.107.630		(11.107.630)	0
Greiddur arður.....						(13.000.000)	(13.000.000)
Eigið fé 30. júní 2022	4.973.522	89.896.750	1.282.083	53.613.716	152.487	106.629.109	256.547.667

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Fiskislóð 14, 101 Reykjavík.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi félagsins og dótturfélaga þess kaup og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun.

Árshlutareikningur þessi hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann er samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2021.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar árið 2021. Hægt er að nálgast ársreikning samstæðunnar á vef þess á [www.urseafod.is](http://www.urseafod.is).

Samstæðuárshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 4. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á innri upplýsingagjöf og skipulagi samstæðunnar. Samstæðan skiptist í tvo starfspætti, Útgerð & sala sjávarafurða og Fjárfesting í sjávarútvegi.

1.janúar til 30.júní 2022

	Útgerð & sala sjávarafurða	Fjárfesting í sjávarútvegi	Samtals
Rekstrartekjur .....	50.415.223		50.415.223
Kostnaðarverð seldra vara .....	(45.039.126)		(45.039.126)
<b>Framlegð .....</b>	<b>5.376.097</b>		<b>5.376.097</b>
Aðrar tekjur og söluhagnaður .....	3.623.501	336.014	3.959.514
Óskiptur annar rekstrarkostnaður .....			(777.588)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>8.999.597</b>	<b>336.013</b>	<b>8.558.023</b>
Áhrif hlutdeildarféлага .....		21.297.468	21.297.468
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....			(8.523.518)
Hagnaður fyrir skatta .....			21.331.974
Tekjuskattur .....			209.833
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>			<b>21.541.807</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	48.993.712	8.121.173	57.114.885
Aflaheimildir .....	101.444.552		101.444.552
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum		299.937.383	299.937.383
Óskiptar eignir			59.294.511
Óskiptar skuldir			(261.243.664)

# Skýringar

## 5. Starfsþáttayfirlit (frh.)

1.janúar til 30.júní 2021

	Útgerð & sala sjávarafurða	Fjárfesting í sjávarútvegi	Samtals
Rekstrartekjur .....	40.195.167		40.195.167
Kostnaðarverð seldra vara .....	(35.362.594)		(35.362.594)
<b>Framlegð .....</b>	<b>4.832.573</b>		<b>4.832.573</b>
Aðrar tekjur og söluhagnaður .....	829.835	336.122	1.165.957
Óskiptur annar rekstrarkostnaður .....			(664.934)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>5.662.408</b>	<b>336.122</b>	<b>5.333.596</b>
Áhrif hlutdeildarféлага .....		10.212.912	10.212.912
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....			(3.544.231)
Hagnaður fyrir skatta .....			12.002.277
Tekjuskattur .....			(506.619)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>			<b>11.495.658</b>

## 6. Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

	Eignarhlutur	Bókfært verð 30.6.2022	Bókfært verð 31.12.2021
<b>Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum:</b>			
Arctic Prime Coastal .....	33,30%	264.493	264.495
Brim hf. ....	43,97%	286.311.872	277.853.809
Eco Marine ehf. ....	38,00%	72.773	72.773
Zym Ice ehf. ....	40,00%	3.404.166	1.016.250
		290.053.304	279.207.326

Samstæðan keypti á tímabilinu viðbótarhlut í Zym Ice ehf. og nemur hlutdeild í lok tímabils 40% samanborið við 25% í upphafi árs.

Eignarhlutur í Brim hf. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í reikningsskilum Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. Bókfært verð eignarhlutarins í lok tímabilsins nemur 286,3 milljónum evra en skráð markaðsverð hlutarins nemur 535 milljónum evra á reikningsskiladegi. Nánari upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu Brim hf. má finna í árshlutareikningi félagsins á [www.brim.is](http://www.brim.is).

Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélagum greinist þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Staða í upphafi tímabils .....	279.207.326	260.514.906
Keypt á tímabilinu .....	2.516.500	168.008
Endurflokkað .....		190.784
Selt á tímabilinu .....		(6.927)
Fenginn arður .....	(13.024.799)	(6.934.142)
Breyting á neikv. eignarhlutum færður til lækkunar á viðskiptakröfu .....		6.927
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	21.297.468	25.212.318
Þýðingarmunur .....	56.806	55.450
Staða í lok tímabils .....	290.053.304	279.207.326

## 7. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. hefur ákveðið að selja frystitogarann Sólborgu RE-27 ásamt allri aflahlutdeild ÚR í makríl, loðnu, veiðiheimildir í Barentshafi og 11,42% af aflaheimildum í gulllaxi til óstofnaðs dótturfélags í eigu félagsins. Söluverðmæti er 12,3 milljarðar króna. Bókfært verð hinna seldu eigna samkvæmt samstæðuársreikningi 31.12.2021 nam um 41,7 milljónum evra eða um 5,8 milljörðum íslenskra króna.